

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um háskólanema og námsstyrki.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hversu margir nemendur undir 18 ára aldri hafa stundað nám á háskólastigi í íslenskum háskólum eftir að lög nr. 108/2011, um breyting á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003, tóku gildi?
2. Hversu margir nemendur á háskólastigi hafa fengið jöfnunarstyrk á grundvelli 3. tölul. 2. gr. fyrrgreindra laga um námsstyrki eftir að lög nr. 108/2011 tóku gildi?
3. Hvernig hafa styrkirnir verið kynntir fyrir háskólanemum?